

Ráðgjafarpakkar RML

RML býður bændum upp á allskyns þjónustu sem getur hjálpað bændum að gera búrekstur sinn betri og markvissari er varðar fóðrun, kynbætur og jarðrækt. Hér í þessu fréttabréfi verður farið yfir þá helstu ráðgjafarpakka sem kúabændum stendur til boða hjá RML. Afsláttur er gefinn af tímagjaldi í öllum ráðgjafarpökkunum sem gerir þetta hagkvæmari ráðgjöf en ef unnin er ráðgjöf sem ekki fellur undir pakkaráðgjöf

Stabbi – fóðurráðgjöf

Stabbi er fóðuráætlun fyrir mjólkurkúr þar sem heysýni eru túlkuð og unnin fóðuráætlun í kjölfarið. Fundið er heppilegasta kjarnfóðrið til að gefa með gróffóðrinu á bænum. Þegar einhver reynsla er komin á áætlunina er henni síðan fylgt eftir með heimsókn ráðunauts. Í henni er farið yfir stöðuna á búinu og kannað hvort allar forsendur við áætlanagerðina standist eða hvort þurfi að gera einhverja endurútreikninga vegna breyttra forsenda. Inni í pakkanum er einnig vöktun á efnainnihaldi og nyt, ráðunautur athugar reglulega hver staðan er á búinu í gegnum Huppu og hefur samband við bónda ef vart verður við óeðlilegar breytingar. Í pakkanum eru 8 tímar og kostar pakkin 48.000 kr + vsk.

Stæða – fóðurráðgjöf

Stæða er yfirgripsmeiri fóðurráðgjöf sem hefst með heysýnatöku og mati á ástandi gripa, fóðuraðstöðu og framkvæmd fóðrunar. Með því fæst markvissari fóðuráætlun því áætlun verður unnin algjörlega miðað við aðstæður á búinu. Heysýnin eru túlkuð og unnin fóðuráætlun í kjölfarið. Í þessum pakka er mun meira svigrúm til djúpra fóðurlæsinga og hentar þessi pakki vel bændum sem gefa heilfóður en það getur tekið meiri tíma að hanna góða heilfóðurlöndu með ýmsum hráefnum. Eftirfylgni er mun meiri í þessum pakka en Stabba og er fóðuráætlunni fylgt eftir með heimsókn. Inni í pakkanum er einnig vöktun á efnainnihaldi og nyt, ráðunautur athugar reglulega hver staðan er á búinu í gegnum Huppu og hefur samband við bónda ef vart verður við óeðlilegar breytingar. Ef tími gefst er sett upp beitarskipulag með bónda og farið yfir þær tegundir sem gætu komið sér vel að rækta og nýta til beitar. Í pakkanum eru innifaldir 18 tímar og kostar hann 95.000 kr + vsk.

Tarfurinn – kynbótaráðgjöf

Tarfurinn er kynbótaráðgjöf þar sem staða búins er metin kynbótalega. Kynbótagildi hjarðarinnar er metið og skoðað hverjir eru styrkleikar og veikleikar hjarðarinnar og út frá því má útfæra ræktunarmarkmið búins. Einnig eru byggingareiginleikar hjarðarinnar metnir og fundnir styrkleikar og veikleikar. Staðan á frjósemi búins er tekin og gerðar tillögur að úrbótum ef þess telst þörf. Út frá þessu stöðumati er gerð þörunaráætlun fyrir alla gripi búins sem miðar að því að fylgja ræktunarmarkmiðum búins og bæta þá þætti sem teljast veikleikar búins. Miðað er við að nota 50% óreynd naut á móti 50% reyndum nautum líkt og stefnt er að í ræktunarmarkmiði íslensku kýrinnar. Greining á hjörðinni er gerð einu sinni á ári en þörunaráætlun tvisvar á ári þegar uppfært kynbótamat liggur fyrir. Með markvissri þörun má hámarka erfðaframarir á búinu sem skilar sér í betri afurðum og gripum. Fastur kostnaður við pakkan er 32.000 kr + vsk svo bætast við 250 kr + vsk á hverja þörun með reyndu nauti (helmingur gripanna) í hverri þörunaráætlun.

Sprotinn – jarðræktarráðgjöf

Sprotinn er heldur sveigjanlegri ráðgjafarpakki en áður nefndir pakkar og umfangið fer svöldið eftir þörfum bóndans. Grunnurinn er aðstoð við skráningu og uppskeru í Jörð, viðhalda túnkortum, aðstoða við umsóknir um jarðræktarstyrk og landgreiðslur, unnin áburðaráætlun útfra uppsöfnuðum upplýsingum og áburðarkostnaður greindur út frá uppskeru. Valbundnir liðir eru jarðvegssýnataka, ræktunaráætlun og túlkun og ráðgjöf er varðar efnagreiningu á búfjáraburði. Markviss áburðarnotkun og ræktun getur skilað miklum ábata fyrir búreksturinn. Algengt er að pakkinn kosti á bilinu 49.000 til 77.000 kr + vsk en fer eftir því hversu ítarlega og mikla ráðgjöf bóndinn óskar eftir.

Þjónninn – mjaltþjónaráðgjöf

Þjónninn er nýr ráðgjafarpakki fyrir kúabændur með mjaltþjóna sem RML er að fara af stað með. Markmið ráðgjafarinnar er að bændur læri betur á þá möguleika sem tækjabúnaðurinn býður uppá. Meðal annars verða upplýsingar bornar saman milli bóva í þeim tilgangi að bændur átti sig á þeim sóknarfærum sem felast í betri nýtingu mjaltþjónsins í sínum búrekstri.

Þjónninn byggir á fjartengingu ráðunautar, einu sinni í mánuði og tölfræðiuppgjöri. Bændur fá sent yfirlit yfir þeirra framleiðslu samanborið við aðra bændur en einnig hvernig mismunandi áhrifaþættir eru að þróast milli mánaða. Þættirnir sem skoðaðir eru varða mjaltir og mjólkurflæði eða mjaltahraða, fóðrun og fóðurnýtingu, afurðastig og nýtingu mjaltþjóns, svo sem tíðni misheppnaðra mjalta.

Innifalið í Þjóninum er 8 tíma vinna ráðunautar þar sem samskiptin fara fram í gegnum síma og tölvupóst. Ráðunautur tengist mjaltþjóni í gegnum fjartengingu og sækir gögn mánaðarlega auk þess sem hann getur komið með ábendingar um stillingaratriði sem mættu betur fara (t.d. hvað mjaltir varðar). Ekki er farið í miklar fóðurtöflu-stillingar nema bóndi kaupi einnig fóðurráðgjöf hjá RML. Verðið yrði sennilega á svipuðu róli og Stabbi en endanlegt verð er ekki komið.

Allar nánari upplýsingar fást á síðu RML www.rml.is eða hjá ráðunautum RML sem geta útskýrt pakkana betur með glöðu geði.

Baldur Örn Samúelsson
Fóðrunar- og nautgriparræktarráðunautur